

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar

Sent á: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 29. apríl 2024

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins f.h. Tannsmíðafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar nr. 112/2008, 908. mál, löggjafarþing 2023-2024

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“), fyrir hönd Tannsmíðafélags Íslands (hér eftir „TÍ“ eða „félagið“ eftir atvikum), hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um sjúkratryggingar, 908. mál.

Samtökin skiluðu umsögn vegna málsins á samráðsgátt Stjórnarráðsins þann 23. febrúar 2024 og var athugasemdum m.a. komið á framfæri vegna ákvæðis 9. gr. frumvarpsins sem leggur til lögfestingu á heimild Sjúkratrygginga Íslands (hér eftir „SÍ“ eða „sjúkratryggingar“) til að samþykka greiðsluþátttöku í fyrir fram ákveðnum og nauðsynlegum læknismeðferðum erlendis þegar sjúkratryggðir eiga ekki kost á meðferðum hérlendis innan tímamarka sem réttlæta megi læknisfræðilega. Í greinagerð með frumvarpinu kemur fram að tímamörk svokallaðra biðtímamála eigi sér stoð í 20. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa, sbr. reglugerð nr. 442/2012. Að mati samtakanna er óljóst hvernig SÍ mun skilgreina umrædd tímamörk og þörf er á skilgreiningu í frumvarpinu. Sérstaklega í ljósi þess að sjúklingum er þegar forgangsraðað á Íslandi og áréttar félagið þá afstöðu sína að erlendar aðgerðir eru einnig fyrir fram ákveðnar aðgerðir.

Í ljósi þeirra ábendingar ráðuneytisins, að þær athugasemdir sem samtökin komu á framfæri í fyrri umsögn sinni féllu fremur undir ákvæði 23. gr. a. laga um sjúkratryggingar, vilja SI og TÍ í því samhengi áréttta eftirfarandi.

Óeðlilegt er að sjúkratryggðir hérlendis geti sótt um endurgreiðslu kostnaðar vegna heilbrigðisþjónustu erlendis, hjá aðilum sem beinlínis virðast gera út á þjónustu sína með vísan til endurgreiðslukerfis SÍ, enda hafi félagið áður komið á framfæri afstöðu sinni að margar af umræddum meðferðum falli undir ofmeðhöndlun sem geti haft alvarlegar afleiðingar á tannheilsu íbúa á Íslandi. Þá telur félagið, um leið og því er fagnað að til standi að taka betur utan um mál sem þessi, það ófrávíkjanlega forsendu fyrir endurgreiðsluheimild samkvæmt 23. gr. a í lögnum, að þau tímamörk sem vísað er til í 1. mgr. ákvæðisins verði nánar skilgreind, sbr. 4. mgr., sem og að hvaða leyti SÍ muni staðfesta að um “fyrirfram ákveðna og nauðsynlega læknismeðferð” sé að ræða.

SI og TÍ þakka fyrir það að fá tækifæri til að koma athugasemdum sínum á framfæri í þessu máli og vonast eftir nánara samtali við stjórnvöld vegna þátttöku sjúkratrygginga við tannsmiðakostnað.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

A handwritten signature in blue ink, reading 'Erla T. Stefánsdóttir', is written over a horizontal line.

Erla Tinna Stefánsdóttir
viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði